

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Skarðshlíð, 2. áfangi. Drangsskarð 8.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 10. ágúst 2021 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 8. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að íbúðum er fjölgað úr tveimur í þrjár. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Nýtt deiliskipulag, Hringhamar 9, reitur 21B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. nóvember 2021 deiliskipulag á reit 21B í Hamranesi. A deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir þrjú klasahús með 54 íbúðum.

Deiliskipulagstillögurnar og breytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. desember 2021.

Bormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2021